

Nd.

### 649. Frumvarp

til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverjum 100 pundum eða minni þunga af vörum með umbúðum, sem fluttar eru til landsins, og ekki eru sendar í pósti, skal greiða 25 aura farmgjald í landssjóð. Þegar vara, samkvæmt farmskrá eða hleðsluskírteini er talin eftir rúmmáli, skal greiða 15 aura gjald fyrir hvert teningsfet. Af kornvörum skal þó að eins greiða 10 aura af hverjum 100 pundum, af steinolíu og rúðugleri 5 aura af hverjum 100 pundum og tímbrí 1½ eyri fyrir hvert teningsfet. Af salti, kolum, tígulsteinum, sementi, kalki og prentuðum bókum skal þó ekkert gjald greiða.

2. gr.

Farmgjaldið skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, eða að því er lausakaupmenn snertir þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín, eftir gildandi lögum. Gjaldið skal greitt í peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða peningastofnanir í Reykjavík eða á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn, ef nægileg skilríki, sem innheimtumaður tekur gild, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Til þess að ákveða gjaldið skal farið eftir farmskrá skipsins, hleðsluskírteinum eða tilvísunarbréfum, er snerta hinar gjaldskildu vörur.

3. gr.

Hinar gjaldskildu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskildar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni eða hleðsluskírteinum, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum á skipinu til neyzlu í því. Sé uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrir mælum greinar þessarar, verður skipstjóri sekur alt að 100 kr.

4. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskildar vörur, fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrir mæli varða sektum, alt að 200 krónum, á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. — Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður

en hann hefir fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gjört. Farmgjaldið fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

5. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflægt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem um ræðir í þessari grein má þvinga hann til þess með dagsektum alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í bréfi til viðtakanda.

6. gr.

Þyngd vara eða rúmmál skal tilgreint á farmskrá eða hleðsluskirteinum skipanna. Sé ógreinilega sagt frá um gjaldskildar vörur á farmskránni eða hleðsluskirteinum, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða sé ástæða til að rengja, að rétt sé skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal landssjóður greiða, ef skýrslurnar reynast nákvæmar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaður á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

7. gr.

Nú verður maður uppvis að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskildum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sérstakt tillit þess, hvort viðtakandi hefir haf ástæðu til að álíta, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

8. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskylau vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektunum, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim, fyr en búíð er að greiða gjöld þessi. Veðrétturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gjörð, samkv. 4. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáns, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gjöra á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir farmgjaldi og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

9. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af

þeim hafi ónýzt eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverju móti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farm-skráin eða hleðsluskirteinin telji meira en viðtakandi fær. Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiðast fyrirfram af uppboðsverðinu, og fáist eig svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, þá greiðist í farmgjald það, sem uppboðsandvirðið nemur, að kostnaði frádregnum.

10. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem almenn lög reglumál.

11. gr.

Sektir allar eftir 3. og 4. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 5. og 7. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögu sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

12. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gjöra reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr., svo og af sektum, fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.